

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA

232. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **6. febrúar 2014, kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Erindi: Garðavegur 14, breyting á innra skipulagi hússins úr einbýlishúsi í fjölbýlishús.
2. Erindi: Höfðabraut 46, breyting á innra skipulagi hússins.
3. Erindi: Aðalskipulag, farið yfir stöðu mála vegna aðalskipulags 2014-2026 og ákveða áframhaldandi feril.

Tekið á dagskrá:

4. Erindi: Kolbeinsá, rífa og fjarlægja véla/verkfærageymslu áföst fjósi.
5. Erindi: Erindi frá sveitarstjóra fyrir hönd byggðarráðs.

Afgreiðslur:

1. Garðavegur 14, lnr. 142229, Jóhannes Snorrason, kt.270457-2829, Þórðarsveig 26, 113 Reykjavík, f.h. eigenda sækir, með erindi dags 29. nóvember 2013, um leyfi til að breyta innra skipulagi hússins á lóðinni Garðavegi 14 úr einbýlishúsi í fjölbýlishús. Erindi komið úr grenndarkynningu án athugasemda. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

2. Höfðabraut 46, lnr.197549. Eva Lena Lohi, kt.180261-2579, Höfðabraut 46, 530 Hvammstanga, sækir, með erindi dags 8. janúar 2014, um leyfi til að breyta innra skipulagi hússins á lóðinni Höfðabraut 46. Jóhannes Erlendsson véc af fundi við afgreiðslu þessa erindis. Slökkviliðsstjóri bendir á að hurð á milli húss og bílageymslu má ekki opnast beint inn í íbúðarrými skv. gr. 113.6 í reglugerð 441/1998. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn og athugasemdum slökkviliðsstjóra sé fullnægt.

3. Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026, lögð fram tillaga að Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 ásamt umhverfisskýrslu sem hefur verið lagfærð í samræmi við ábendingar og umræðu á fundi fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila 16. janúar s.l. Eftirfarandi gögn frá Landmótun dags. 5. febrúar kynnt; sveitafélagsuppráttur með þéttbýlisupprætti af Hvammstanga og Laugarbakka, greinargerð og umhverfisskýrsla. Samþykkt að vísa tillögunni til sveitarstjórnar til samþykktar um að hún verði kynnt skv. 2.mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga, umsagnaraðilum og senda hana Skipulagsstofnun til athugunar.

Tekið á dagskrá:

4. Kolbeinsá 1, lnr.142202, Katrín G. Jónsdóttir, kt.140571-3269, sækir um leyfi til að rífa Véla/verkfærageymslu áföst fjósi, fastanr. 212-9682, mh. 09-0101, bygg.ár 1950, 62,8m² að stærð á landi Kolbeinsá 1.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið og bendir á að úrgangi skal fargað á löglegan hátt. Vakin er athygli á að aðeins er heimilt að rífa hús sem eru án veðbanda.

5. Sveitarstjóri f.h. byggðarráðs leggur fram erindi dags. 3. febrúar s.l. frá Andra Teitssyni fyrir hönd Flaums ehf. og Júlíusi Guðna Antonssyni, ábúanda Auðunarstaða, þar sem óskað er eftir að gert verði ráð fyrir fyrirhugaðri grjótnámu í Húsaborg í landi Auðunarstaða í Víðidal og vegtengingu að námunni frá Þjóðvegi 1 við Víðigerði í nýju Aðalskipulagi 2014 – 2026 fyrir Húnaþing vestra.

Skipulags- og umhverfissráð bendir á að fyrirhuguð náma er skilgreind í nýju aðalskipulagi 2014-2026 fyrir Húnaþing vestra.

Skipulags- og umhverfissráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Guðjón Loftsson (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign),
Unnsteinn Andr sson (sign),
P tur Arnarsson(sign), sl kkvili sstjóri,

Fundi sliti  kl.19:15

J hannes Erlendsson (sign.),
Anna Mar a El asd ttir (sign),
Halld r Sigf sson (sign),
G sli Kjartansson (sign),